

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

9. tbl. 3. árg.

8. október 2025



Myndin hér að ofan var tekin í blýðskaparveðri þriðjudaginn 7. október. Undanfarið hefur verið úrkomusamt í Hólminum sem og annarsstaðar á landinu. Í Stykkishólmi mældist úrkomman í september 95,0 mm sem er 22% umfram meðallag. Septembarmánuður var hlýr um land allt en hlýjast var á Norðaustur- og Austurlandi. Meðalhiti í Stykkishólmi var 8,9 stig. Í Stykkishólmi hefur meðalhiti fyrstu níu mánuði ársins, janúar til september, aldrei mælst eins hár, en hann var 6,5 stig.

Menningarhátíðin Norðurljósinn haldin í október

Menningarhátíðin Norðurljósinn verður haldin í áttunda sinn í Stykkishólmi dagana 23.-26.október 2025. Hátíðin var fyrst haldin árið 2010 og hefur verið haldin annað hvert ár síðan. Menningarhátíðin er yfirleitt haldin í október eða nóvember

og lífgar upp á dimma vetrardaga þar sem bæjarbúum og gestum gefst tækifæri til að gleðjast saman og njóta menningarviðburða. Hátíðin er að mestu helguð tónlist, leiklist og myndlist. Markmiðið hefur ætíð verið að hátíðin sé sjálfbær og að heimamenn

sjái að mestu um skemmtiatriðin. Með það að markmiði auglýsti undirbúningsnefndin á dögnum eftir áhugasömum aðilum til að troða upp á hátíðinni. Undirbúningsnefndin skipa þær Hjördís Pálsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns

Snæfellinga- og Hnappdæla og Vatnasafns og Nanna Guðmundsdóttir, forstöðumaður Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi. Skipulag hátíðarinnar er nú í fullum gangi og verður dagskráin auglýst á næstu dögum.

Bæjarstjórn kallar eftir skelbótum



Skel- og rækjubætur eru veiðiheimildir sem úthlutað er til þeirra sem áttu kvóta í skel og rækju áður en hrun varð í þeim veiðum. Skelbætur ársins koma vanalega fram í reglugerð síðsumars en engar fregnir hafa borist af skelbótum í ár þrátt fyrir að mánuður sé liðinn af fiskveiðiárinu.

Á 40. fundi bæjarstjórnar, þann 25. september síðastliðinn, voru lögð fram gögn vegna óvissu um áframhaldandi úthlutun skelbóta. Endurskoðun innviðaráðherra á byggðakerfi sjávarútvegsins stendur enn yfir og hefur leitt af sér mikla óvissu hjá þeim fyrirtækjum sem hafa á undanförunum árum fengið úthlutað skel- og rækjubótum. Í kjölfar fundar var afgreiðsla bæjarstjórnar send innviðaráðherra og þingmönnum norðvesturkjördæmis. Afgreiðslan var svohljóðandi: Bæ-

jarstjórn Stykkishólms hefur ávallt lagt þunga áherslu á mikilvægi skelbóta fyrir atvinnulífið í Stykkishólmi og þar með samfélagið í heild. Hér er um að ræða lykilhagsmunamál fyrir fyrirtæki sem stunda útgerð og fiskvinnslu í bænum og hafa byggt rekstrargrundvöll sinn á þeim aflaheimildum sem skelbótum hafa fylgt. Sjávarútvegur hefur lengi verið hryggjarstykkið í atvinnulífi Stykkishólms og stærsti hluti útsvarstekna sveitarfélagsins kemur frá fyrirtækjum sem reiða

síð á skelbætur. Þær hafa því verið lykilforsenda byggðafestu í Stykkishólmi. Með því að skerða eða afnema þær er jafnframt verið að veikja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins og samfélagsins í heild. Bæjarstjórn tekur fram að ekkert samráð hefur átt sér stað við sveitarfélagið vegna stefnumörkunar ráðherra og þeirra tafa sem orðið hafa á útgáfu skelbóta. Bæjarstjórn leggur ríka áherslu á að tryggja verði fullt samráð við sveitarfélagið í þeirri stefnumótunarvinnu. Bæjarstjórn lýsir jafn-

framt yfir alvarlegum áhyggjum af því að reglugerð um skelbætur hafi ekki verið gefin út og svo virðist sem unnið sé að því að svipta skelútgerðir aflaheimildum með varanlegum afleiðingum fyrir atvinnulífið. Bæjarstjórn leggur því þunga áherslu á að reglugerð um skelbætur verði gefin út án tafar, þrátt fyrir þá stefnumörkunarvinnu sem ráðherra hefur hafið, og að leiðrétta verði úthlutanir vegna skelbóta á síðustu árum.

Skóða samstarf um frekari uppbyggingu í Víkurhverfi

Bæjarstjórn samþykkti, á 39. fundi sínum, að hefja viðræður við Skipavík ehf. um samstarf um skipulag og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis vestan Borgarbrautar í Víkurhverfi. Bæjarstjórn

vísar málinu til frekari vinnslu í bæjarráði en fulltrúar Skipavíkur mættu svo til næsta fundar bæjarráðs og gerðu grein fyrir hugmyndum sínum fyrir uppbyggingu á svæðinu. Nef-

ndarmönnum skipulagsnefndar var einnig boðið að sitja fundinn. Bæjarráð þakkaði fulltrúum Skipavíkur fyrir greinargóða kynningu og fagnaði áhuga fyrirtækisins á áfram-

haldandi uppbyggingu í sveitarfélaginu. Þá var bæjarstjóra falið að vinna drög að samkomulagi í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir bæjarráð.

Veðurmælingar í 180 ár



Listaverkið "Klakkur" eftir Helga Gíslasoner til minningar um Árna Thorlacius.


Í nóvember 2025 verða 180 ár liðin frá því að Árni Thorlacius hófsamfelldar veðurfarsmælin-

gar í Stykkishólmi sem hafa staðið óslitið síðan. Í tilefni þessa afmælis verður efnt til málþings

sem verður haldið í Vatnasafninu í Stykkishólmi 11. október næstkoman- di. Málþingið stendur

frá kl. 13:00 til 16:00 og er öllum opið. Hera Guðlaugsdóttir á veg og vanda að viðburðinum en verkefnið er meðal annars styrkt af Safnaráði, Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Í framhaldi af málþinginu Andvarinn í himinsfari -180 ára afmæli veðurmælinga Árna Thorlaciusar, mun opna sýningin Vendipunktur/Tipping points í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla. Sýningin opnar laugardaginn 11. október kl. 16:00, léttar veitingar í boði.

Kynntu starfsemi sína á starfamessu í Grundarfirði



Góð mæting var á starfamessuna

Velheppnuð starfamessa fór fram í Fjölbrautaskóla Snæfellinga 30. september síðastliðinn. Þar kynntu fyrirtæki og sveitarfélög starfsemi sína fyrir nemendum skólans og öðrum áhugasömum. Opið hús var frá kl.

12:00 til 13:30 og margir sem litu við og kynntu sér starfsemi á Snæfellsnesinu. Fjórir fulltrúar frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi sóttu messuna og kynntu starfsemi sveitarfélagsins.

Heimsókn frá Kvikmyndasafni Íslands



Mörg kunnugleg andlit birtust á skjánum.

Kvikmyndasafn Íslands heimsótti Hólminn föstudaginn 19. september og sýndi myndefni frá Stykkishólmi í samstarfi við Amtsbókasafnið. Í myndefninu mátti meðal annars sjá forsetaheimsóknir, fermingu,

hátíðarhöld á sjómannadag og fiskvinnslu í bænum um og eftir miðja síðustu öld. Sýnt var í Setrinu á Höfðaborg og á Amtsbókasafninu og leyndi sér ekki að viðstaddir höfðu gaman af.

Heiðursborgari Stykkishólms hélt upp á níræðisafmæli



Steinunn Magnúsdóttir, Högni Bæringsson og Jakob Björgvin S. Jakobsson.

Högni Bæringsson, heiðursborgari Stykkishólms, hélt upp á níræðisafmæli mánudaginn 22. september síðastliðinn. Högni bauð upp á veglegar veitingar á Höfðaborg í tilefni dagsins en þar var opið hús frá kl. 15 til 18. Fjöldmargir mættu til að kasta kveðju á heiðursbor-

garann af þessu tilefni. Þá flutti bæjarstjóri stutt ávarp þar sem Högni var enn á ný þakkað fyrir sitt merka framlag til samfélagsins. Að lok-

nu ávarpi færði Steinunn Magnúsdóttir, formaður bæjarráðs, Högni blóm-völd og kort fyrir hönd sveitarfélagsins. Hér til hliðar sjá mynd af þeim Steinunni og Jakob með Högni en skömmu eftir að þau höfðu stillt sér upp fyrir myndavélina heyrðist kallað hátt og snjallt úr eldhúsinu „brostu kallinn!“. Var það Dominika Kulinska, matráður, sem þótti Högni full brúnaþungur við þetta gleðtilefni og uppskar hún hlátur og bros viðstaddra, ekki síst frá Högni sem hafði gaman af.

Vinabæjamót í Örebro



Fulltrúar sveitarfélagsins í Svíþjóð.

Löng hefð er fyrir að fulltrúar vinabæja mæli sér mót og kynnist starfsemi, áskorunum og tækifærum hverra annarra. Vinabæjamót er haldið annað hvert ár og fór fram í Örebro í Svíþjóð dagana 8.-11. september síðastliðna. Þrír fulltrúar sóttu mótið

fyrir hönd Stykkishólms en það voru þau Jakob Björgvin, bæjarstjóri, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar, og Steinunn I. Magnúsdóttir, formaður bæjarráðs. Dagskrá mótsins var þétt og fjöldi áhugaverðra fyrirlestra í boði.

Gjaldtöku lokið í ár



Skammtíastæði við Súgandisey.

Gjaldskyldu þessa árs er nú lokið á höfninni en samkvæmt gjaldskrá bílastæðasjóðs er gjaldskyldutími frá 1. maí til 30. september. Frá og með október til og með apríl eru bílastæði gjaldfrjáls á svæðinu. Tekjur af rekstri bílastæðanna, frá því

gjaldtaka hófst, 30. júlí síðastliðinn, eru tæpar ein og hálf milljón króna. Sveitarfélagið vinnur nú að undirbúning fyrir gjaldtöku næsta sumar en fyrirhugað er að funda við þjónustuaðila á svæðinu um fyrirkomulag gjaldtökunnar.

Umhverfisgöngur



Umhverfisgangan tekur út nýjar tröppur sem lagðar voru upp Litlu- Fögrubrekku fyrr í sumar.

Umhverfisganga bæjarstjóra fór fram dagana 15.-18. september. Þá gengu bæjarstjóri og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins með íbúum um götur Stykkishólms og huguðu að nánasta

umhverfi. Tilgangurinn með umhverfisgöngunni er að efna til samtals um nánasta umhverfi, hvað megi betur fara í frágangi og umhirðu bæjarins, auk þess að miðla upplýsingum



Íbúar í Ás- og Neshverfi virða fyrir sér umhverfið og spá í leikvöllinn við Áskinn.

um fyrirhugaðar framkvæmdir. Margar gagnlegar athugasemdir komu fram í göngunni og oft sköpuðust skemmtilegar umræður. Meðal annars voru umferðarhraði og hraða-

takmarkandi aðgerðir áberandi í umræðunni. Ábendingarnar verða svo teknar til umfjöllunar í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Opið fyrir styrkumsóknir bæjarstjórnar



Bæjarstjórn Stykkishólms auglýsir eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur um styrkveitingar. Markmiðið með styrkjum bæjarstjórnar

Stykkishólms er að styðja við sjálfspróttið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, menningarlífs, lífsgæðum og

fjölbreytilegu mannlífi og öflugu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Almennar styrkveitingar skv. 3. gr. fara fram tvisvar á ári, á fundum bæjarstjórnar í mars/apríl og október/nóvember. Varðandi sty-

rki til til einstaklinga, félaga og/eða samtaka sem starfa að íþrótt- og æskulýðsstarfi í Stykkishólmi eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi þá má veita styrki bæði vegna einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi. Hægt er að senda inn umsókn á íbúagátt Stykkishólms. Einnig má skila umsóknum í afgreiðslu Ráðhússins í Stykkishólmi eða í tölvupósti á netfangið, stykkisholmur@stykkisholmur.is. Umsóknarfrestur er til og með 23. október 2025.

Rennislettir vegir og göngustígar

Miklar framkvæmdir stóðu yfir í bænum í september. Malbikunarframkvæmdir og undirbúningur fyrir þær fóru líklega ekki farið framhjá neinum enda umfangið töluvert. Búið er að leggja malbik í Víkurhverfi, stóran hluta Borgarbrautar og Aðalgötu, frá Bónus og fram yfir afleggjara að

Búðarnesvegi. Einnig voru malbikaðir göngustígar milli Sundabakka og Reitarvegar og annar við leikskólann. Þá var einnig gangstétt frá Skúrnum að lóð Sýslumannshússins malbikuð auk viðgerða hér og þar. Unnið er nú að því að steypa kanta og klára frágang eftir framkvæmdirnar.



Nýr stígur við leikskóla stýrir gangandi vegfarendum frá því að ganga á bílastæðinu og eykur þannig öryggi.



Tengistígur milli Reitarvegar og Sundabakka.



Malbik í Víkurhverfi.



Malbik á Aðalgötu.



Malbik á Borgarbraut.

Snæfellsnes er fyrsti UNESCO vistvangurinn á Íslandi



Fögur er Drápuhlíðin.

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) staðfesti í lok september umsókn Íslands um að gera Snæfellsnes að vistvangi. Er þetta fyrsta svæðið á Íslandi sem hlýtur þessa alþjóðlegu viðurkenningu. Hugtakið vistvangur er íslenskt nýyrði yfir hugtakið Biosphere Reserve, en þau svæði eru viðurkennd af MAB-áætlun UNESCO (Man and the Biosphere Programme). Vistvangur nýtir náttúru- og félagsvísindi sem grunn til að auka lífsgæði íbúa og stuðla að sjálfbærri þróun, með farsælu samspili umhverfis, mannlífs og menningar. Snæfellsnes hefur lengi verið þekkt fyrir öflugt samstarf, ríka umhverfisvitund og sterka tengingu íbúa við náttúruna. Snæfellsnes hefur m.a. áunnið sér

alþjóðlega umhverfisvottun EarthCheck í yfir 20 ár. Sveitarfélögin hafa markað skýra stefnu um sameiginlegar auðlindir sínar og sóknarfæri í Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes hefur frá stofnun, árið 2014, byggt upp farsælt samstarf sveitarfélaga, félagasamtaka, stofnana, atvinnulífs og íbúa. Í starfsemi og verkefnum Svæðisgarðsins er lögð áhersla á að grunnur verðmætasköpunar og ímyndar byggji á náttúru- og menningararfi svæðisins. Áhersla Svæðisgarðsins á samstarf ólíkra hópa samfélagsins rímar vel við grunnviðmið UNESCO vistvanganna. Á Snæfellsnesi er einnig að finna Snæfellsjökulsþjóðgarð, sem stofnaður var 2001 að áeggjan hei-

mamanna. Landsvæði þjóðgarðsins verður kjarnasvæði í vistvanginum á Snæfellsnesi og eru þjóðgarðurinn og Svæðisgarðurinn Snæfellsnes því samstarfsaðilar í verkefninu.

Umsóknarferlið

Að frumkvæði sveitarfélaganna á Snæfellsnesi var hafin skoðun á því árið 2020, hvað fælist í aðild að UNESCO vistvangi. Niðurstaða þeirrar vinnu var að Snæfellsnes félli vel að þeim viðmiðum sem UNESCO vistvangar setja. Með því að gerast vistvangur fengi Snæfellsnes aðgang að dýrmætri þekkingu og reynslu annarra slíkra svæða á því hvernig hægt er að flétta sjálfbæra þróun, þekkingu á áttögum, umhverfi og menningu við markvis-

sa uppbyggingu atvinnulífs. Auk þess fælist í því aðild að „vörumerki“ UNESCO, sem er eitt það þekktasta í heiminum. Í framhaldinu var unnið að gerð umsóknar á vegum stýrihóps sem skipaður var af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, undir stjórn fulltrúa Snæfellinga, og var henni skilað í september 2024. Ísland nú hluti af alþjóðlegu neti vistvanga sem nær til 759 svæða í 136 löndum. Þessi svæði ná yfir meira en 5% af yfirborði jarðar og þar búa um 300 milljón manns. Vistvanga má m.a. finna á hinum Norðurlöndunum, en flestir þeirra eru í Svíþjóð.

„Aðild að vistvangsverkefni UNESCO er viðurkenning fyrir Ísland í heild og eflir bæði ímynd og aðdráttarafl Íslands og Snæfellsness. Með tilkomu vistvangs er opnað á leiðir til að nýta reynslu og þekkingu annarra vistvanga víða um heim þar sem sjálfbærni, nýsköpun og samfélagsuppbygging fara saman. Verkefnið er afurð farsællar samvinnu allra aðila sem að því stóðu og eflir enn frekar tengsl Snæfellsjökulsþjóðgarðs við nærsvæðin,“ sagði Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, um málið.



Auglýsing um skipulag

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022:

Hamraendi, Kallhamar og flugvöllur

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkti á 35. fundi sínum 28. apríl 2025 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna stækkunar athafnasvæðis við Hamraenda og grænna iðngarða við Kallhamar, ásamt breytingu á flugvelli. Breyting felur í sér að stækka núverandi athafnasvæði (A1) við Hamraenda norðvestan flugvallarins, að skilgreina stækun á athafnasvæði A3 við Kallhamar, suðvestur af flugvellingum í Stykkishólmi, inn á svæði sem nú er skilgreint óbyggt svæði í aðalskipulagi, og gera ráð fyrir nýrri hafnaraðstöðu (H3). Þar byggist upp grænn iðngarður með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda í og við Breiðafjörð, haftengda starfsemi og nýsköpun og að endurskoða og breyta lengd flugbrautar og helgunarsvæði hennar í samráði við ISAVIA og aðlaga að aðliggjandi landnotkun. Ekki eru reglulegar flugsamgöngur við Stykkishólm, en flugbrautin nýtist m.a. fyrir sjúkraflug. (Mál nr. 1027/2024)

Agustsonreitur

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkti á 36. fundi sínum 8. maí 2025 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna breytinga á landnotkun á svokölluðum Agustsonreit, við Aðalgötu 1, Austurgötu 1 og 2. Breytingin felur í sér að landnotkun breytist úr athafnasvæði í verslun- og þjónustu og íbúðarsvæði. (Mál nr. 40/2024)

Hagsmunaaðilar hvattir til að kynna sér tillögurnar

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillögurnar á vef sveitarfélagsins (www.stykkisholmur.is) og á Skipulagsgáttinni (www.skipulagsgatt.is). Athugasemdafrestur er til og með 5. nóvember.2025 og er eingöngu tekið við athugasemdum í gegnum Skipulagsgáttina.

Opið hús verður þriðjudaginn 21. október nk. í Ráðhúsinu í Stykkishólmi frá kl. 17:00 – 18:00, þar tækifæri gefst til þess að kynna sér tillögurnar.

Þuríður Ragna Stefánsdóttir

Skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Stykkishólms.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Kallhamar

Í deiliskipulagstillögunni er svæðið útfært með áherslu á að þar verði grænn iðngarður. Lóðir og byggingarreitir eru afmarkaðir og gerð grein fyrir byggingarheimildum. Einnig er gerð grein fyrir öðrum framkvæmdum s.s. vega- og stígagerð, vei-tum, mengunarvörnum og öðrum viðeigandi þát-tum til grundvallar útgáfu leyfa til bygginga og framkvæmda. (Mál nr. 1029/2024)

Hamraendi

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir athafnasvæði og tekur til núverandi byggð við Hamraenda og teygir sig yfir óbyggt svæði í suðvestur átt. (Mál nr.1030/2024)

Agustsonreitur

Agustsonreitur tekur til þriggja lóða; Aðalgötu 1, Austurgötu 1 og Austurgötu 2. Í deiliskipulagstillögunni verður gert ráð fyrir hóteli með samkomu- og ráðstefnusal, verslunar- og þjónusturýmum og kjal-lara fyrir bílastæði o.fl. á Austurgötu 1 og íbúðar-byggingu með verslun og þjónustu á neðri hæð á Austurgötu 2. Friðuð bygging við Aðalgötu 1 verður óbreytt.(Mál nr. 49/2024).